

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um lánatryggingasjóð kvenna.

1. *Hve margar umsóknir um lán hafa borist lánatryggingasjóði kvenna árlega undanfarin þrjú ár og hvernig skiptast þær eftir kjördæmum?*

Lánatryggingasjóður kvenna er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Framangreindir aðilar hafa árlega lagt fé í sjóðinn en fulltrúar þeirra sitja í stjórn hans. Árin 2001–2003 barst sjóðnum alls 91 umsókn og skiptingin eftir kjördæmum er sem hér segir:

Landshlutar	Fjöldi umsókna
Höfuðborgarsvæðið	68
Suðurnes	2
Vesturland	1
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	5
Norðurland eystra	6
Austurland	4
Suðurland	4
Alls	91

2. *Við hve mörgum lánsúmsóknum hefur verið orðið á þessum tíma og hvernig skiptast þær eftir kjördæmum?*

Landshlutar	Veittar lánatryggingar
Höfuðborgarsvæðið	18
Suðurnes	0
Vesturland	0
Vestfirðir	0
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	1
Austurland	1
Suðurland	0
Alls	20

3. *Hve miklu hefur verið úthlutað úr sjóðnum á sama tíma?*

Lánatryggingasjóðurinn úthlutar ekki lánnum heldur veitir hann tryggingar vegna bankalána. Árin 2001–2003 samþykkti stjórn hans lánatryggingar er svara samtals til 28.300.000 kr.